

Samband íslenskra sveitarfélaga,
b/t Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra,
Borgartúni 30,
Pósthólf 8100,
128 Reykjavík.

Hafnarfirði, 15. september 2015
1509426 MLJ

Efni: Útsvar, innheimtuþóknun til ríkisins

Varðar innheimtuþóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars

Capacent vann heildarúttekt á rekstri Hafnarfjarðarkaupstaðar, sjá „Úttekt á rekstri og stjórnskipulagi bæjarins“, dagsett 30. júní 2015, sem finna má á heimasíðu bæjarins, hafnarfjordur.is. Á meðal þess sem bent er á í skýrslunni er að þóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars hefur hækkað verulega. Skýringin á því er að innheimtuþóknun sem hlutfall af því sem innheimt er hefur haldist óbreytt, þ.e. 0,5%, á sama tíma og hlutfall útsvars hefur hækkað umtslvert. Um þetta segir m.a. í skýrslu Capacent:

„Heildarútsvarsstofn sveitarfélaga var um 1.026 ma.kr. árið 2014. Ef hámarksálagningarhlutfallið hefði verið óbreytt frá 1989 (7,5%) hefði ríkissjóður fengið greiddar 371,2 m.kr. og greiðsluþátttaka Hafnarfjarðar hefði verið u.þ.b. 28 m.kr. lægri en hún var árið 2014.

Það má spyrja hvort ekki sé eðlilegt að hlutfall þetta verði tekið til skoðunar í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.“

Eftirfarandi er tekið úr skýrslu Capacent varðandi innheimtukostnaðinn:

„Innheimtukostnaður

Innheimtukostnaður á fjárreiðudeild nam árið 2014 rúmum 58 m.kr. samkvæmt aðalbók Hafnarfjarðar. Kostnaðurinn hækkaði nokkuð á milli árunna 2011 og 2012, fór úr 45 m.kr. í 54 m.kr.


Í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 45/1987 er innheimtuþóknun til ríkissjóðs 0,5% af innheimtu útsvari. Fyrir árið 2014 innheimti ríkissjóður samtals 122,7 ma.kr. vegna útsvars til sveitarfélaga. Þar af var innheimta fyrir Hafnarfjarðarbæ um 10,3 ma.kr.



HAFNARFJÖRÐUR

Framlög sveitarfélaga vegna innheimtunnar eru 0,5% af innheimtu útsvari. Samkvæmt yfirliti sem Samband íslenskra sveitarfélaga birtir á heimasíðu sinni var innheimt útsvar vegna Hafnarfjarðarbæjar 11.709 m.kr. og greidd þóknun nam því um 58 m.kr.

Heildarþóknun sem sveitarfélögin greiddu ríkissjóði fyrir innheimtuna nam um 703,6 m.kr. vegna ársins 2014.



Mynd 1 Greidd þóknun Hafnarfjarðarbæjar til ríkissjóðs fyrir innheimtu útsvars samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014.

Árið 1989 var hámarksálagning útsvars 7,5% af útsvarsstofni, nú er hámarksálagningarlutfallið 14,48% eða 93% hærra en árið 1989, tveimur árum eftir að lög um innheimtu opinberra gjalda tóku gildi (lög nr. 45/1987). Innheimtuhlutfallið hefur ekki breyst á þessum tíma. Það má hins vegar spyrja sig hvort kostnaðurinn við innheimtuna ráðist af því hver upphæðin er frekar en fjöldi greiðenda.

Heildarútsvarsstofn sveitarfélaga var um 1.026 ma.kr. árið 2014. Ef hámarksálagningarlutfallið hefði verið óbreytt frá 1989 (7,5%) hefði ríkissjóður fengið greiddar 371,2 m.kr. og greiðsluþátttaka Hafnarfjarðar hefði verið u.þ.b. 28 m.kr. lægri en hún var árið 2014.

Það má spyrja hvort ekki sé eðlilegt að hlutfall þetta verði tekið til skoðunar í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.“

Með vísan til framanritaðs verður að telja eðlilegt að hlutfall þóknunar til ríkissjóðs lækki í samræmi við hækkun á álagningaprósentu útsvars. Ef talið er að þóknun til ríkissjóðs, 0,5%, hafi staðið undir kostnaði ríkissjóðs við að innheimta útsvar fyrir sveitarfélög þegar hámarks útsvarsprósenta var 7,5% má leiða að því líkum að ríkissjóður sé að hafa góðan hagnað af því að innheimta útsvar þegar hámarksútsvar er komið upp í 14,48% með óbreyttu innheimtuhlutfalli. Það verður að teljast



HAFNARFJÖRÐUR

réttmæt krafa sveitarfélaga að þetta hlutfall verði lækkað, ekki síst með hliðsjón af erfiðri fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga. Með vísan til þessa liggur beint við að sveitarfélögin krefjist þess að innheimtuþóknunin fari í 0,25% miðað við að hámarksútsvar, sem nú er 14,48%, var 7,5% þegar innheimtuþóknunin var 0,5%. Það getur ekki verið rétt að ríkissjóður sé að hagnast á því að innheimta útsvar fyrir sveitarfélögin.

Óskað er eftir því að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir því gagnvart ríkissjóði að innheimtuþóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars verði lækkuð og taki mið af þóknuninni eins og hún var upphaflega þegar ríkið tók þetta verkefni að sér. Lögð er áhersla á að stjórn Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir því að þessi lækkun komi til framkvæmda strax í byrjun næst árs.

Virðingarfyllt,

Haraldur Lindal Haraldsson
bæjarstjóri

Afrit sent: SSH